— *Brjef* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* styrk til að kenna sjómannafræði. — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna hefi jeg af fje því, sem ákveðið er í fjárlögunum fyrir þetta ár til verklegra og vísindalegra fyrirtækja, veitt Hannesi skipstjóra Hafliðasyni 100 kr. styrk til að kenna sjómannafræði hjer í bœnum. **18** 24. jan.

Þetta er tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður og vesturumdœminu um* skyldur hreppsnefndar með tilliti til uppfósturs og framfœris barna. — Hreppsnefnd Austur- Eyjafjallahrepps hefir áfrýjað hingað úrskurði yðar, herra amtmaður, frá 30. maí f. á., er breytir úrskurði sýslumannsins í Rangárvallasýslu frá 27. des. 1878 um skyldu Fljótshlíðarhrepps til að endurgjalda Austureyjafjallahreppi 138 fiska styrk, veittan Tómasi nokkrum Tómassyni veturinn 1875—76. Eptir að hafa meðtekið álit yðar um áfrýjun þessa, vil jeg tjá yður það, sem nú segir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar. **19** 26. jan.

Það, sem tjeðar hreppsnefndir greinir á um, er, hvort hinn greindi styrkur hafi verið nauðsynlegur, en það er viðurkennt af báðum, að Tómas hafi, þá er hann þáði styrkinn, verið sveitlægur í Fljótshlíðarhreppi, þó hann væri búinn að dvelja á 10. ár í Austur-Eyjafjallahreppi.

Hvað nú nauðsyn styrksins snertir, hafið þjer, herra amtmaður, einkum byggt úrskurð yðar á því, að hlutaðeigandi fátœklingur hafði ekki beiðzt styrksins, og að hann hefir skýrt frá, að hann hafi ekki vitað, að styrkurinn væri veittur af sveitarfje, en þvert á móti haldið, að sjer væri veittur styrkurinn í gustukaskyni. Jeg er yður nú samdóma um, að einkum þegar sveitarstyrkur er veittur á 10. ári dvalar fátœklings í þeim hreppi, sem veitir styrkinn, verður það að koma til nákvæmrar rannsóknar, hvort styrkurinn hafi verið nauðsynlegur, og að sveitarstjórn eigi ekki, ef allt fer skaplega, að bjóða fram styrk af sveitarfje, án þess að vera þar til kvödd. Hins vegar verður það í þessu máli að koma sjerstaklega til greina, að sá styrkur, sem hjer rœðir um, var innifalinn í því, að taka 3 ungbörn af hlutaðeigandi fátœklingi um nokkurn tíma til uppfósturs. Það er komið fram í málinu, að Tómas hafi viðkomandi vetur haft 12 manns í heimili, og þar af 7 börn innan 10 ára aldurs og háaldraða og hruma tengdamóður sína, og að hann hafi um það leyti, er börnin voru tekin af honum, ekki haft önnur matvæli en lítilsháttar af þurrum róum og lítið af mjólk. Sjerhverri hreppsnefnd ber nú sjerstaklega að skipta sjer af uppfóstri og framfœri barna í hreppnum, sjá reglugj. 8. jan. 1834 § 9, sbr. 14. gr. tilsk. 4. maí 1872 og 53. gr. stjórnarskrárinnar, og Austur-Eyjafjallahreppstjórn virðist því ekki að hafa gert annað í þessu máli, en það sem henni var heimilt og skylt, þegar hún ótilkvödd fór að grennslast eptir bjargrœðisástandinu á heimili, er eins mörg börn voru á og þessu. Að ekki þá var farið «að sjá á börnunum», gat ekki bœgt hreppsnefndinni frá því, að skipta sjer af uppfóstri þeirra, og þegar foreldrarnir fegnir þáðu styrk þann, er þeim var boðinn, virðist það atriði ekki að geta haft mikla þýðingu, að þeir höfðu ekki beiðzt styrksins, og að þeir hafi skýrt frá, að ef þeir hefðu vitað, að það væri sveitarstyrkur, sem þeim væri boðinn, hefðu þeir ekki viljað þiggja hann, því það liggur í augum uppi, að það var skylda þeirra heldur að leita styrks til sveitarinnar, en að kvelja börn sín í sulti. Um það getur nú enginn vafi verið, að styrkur þessi í rauninni hafi verið lagður úr sveitarsjóði, enda hefir Fljótshlíðarhreppur ekki vefengt það, og 2 af þeim

Hinn 1. marz 1880.

Reykjavík, 1880. Einar Þórðarson